

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um framfæri sveitarómaga.* — Í brjefi þessu segir landshöfð. frá, að hann hafi ritað ráðgjafanum fyrir Ísland og beðið hann að leitast fyrir um, hvort Stefán gullsmiður Jónsson, sem ágreiningur var risinn um hvar ætti sveit, yrði eigi viðurkenndur sveillægur í Kaupmannahöfn, þar sem hann hafði dvalið meir en 3 ár samfleytt fyrir 1840. Hafi ráðgjafinn skrifað sjer aptur og tjái bæjarstjórnina í Khöfn fúsa á að kannast við sveitfesti Stefáns þar, svo framarlega sem hann hafi eigi unnið sjer sveit að nýju hjer á landi; en því hafði amtmaður neitað með úrskurði 20. nóv. 1874 og dæmt hann á fæðingarhrepp hans, Hálsasveit í Borgarf. Óski bæjarstjórnin í Khöfn að fá að vita, hvort Stefán geti eigi verið kyrr þar, sem hann sje tekinn til framfærslu, og hvað mikla meðgjöf þurfi með honum. Um þessi atriði biður landsh. amtmann að láta sig fá vitneskju, og, sje Stefán nú dáinn, sem hann hafi heyrt, þá að senda sjer reikning fyrir framfærslu hans allt til dánardægers.

72
27. júní.

— *Brjef landshöfðingja til allra lögreglustjóra í norður- og austurumdæminu og til lögreglustjórana í Strandasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og í Reykjavík um útflutninga á fólki.* — Með því ráð má gjöra fyrir, að útflutningsskip komi í sumar á hafnirnar í umdæmi yðar, herra lögreglustjóri, verð jeg þjónustusamlega að brýna fyrir yður, að kynna yður sem bezt útflutningsslögin frá 14. jan. þ. á., og fara nákvæmlega eptir fyrirmælum þessara laga; og skal sjerstaklega tekið fram það, er nú segir:

73
28. júní.

1. Skoðunargjörð þá, sem getið er um í 7. gr. laganna, skuluð þjer sjálfir vera við, ef unnt er. Ber yður með 2 tilkvöddum mönnum að skoða nákvæmlega skipið í viðurvist skipstjóra og útflutningastjóra. Eigið þjer að mæla samkvæmt 10. grein laganna rúm það, er ætlað er farþegunum, og sjá um, að því sje skipt eins og þar er mælt fyrir, og að rekkjurnar, er ætlaðar eru útförum, sjeu eins og segir í 12. gr. laganna. Um það sem sagi er í 11. gr. um að nógu mikið lopt eigi að vera í farþegarúminu, skal jeg taka fram, að rúm þetta á að vera að minnsta kosti $5\frac{3}{4}$ fet á hæð, eða þá flatarrúm það, sem ætlað er hverjum farþega samkvæmt 10. gr. laganna, að því skapi meira, og verður þar að auki að sjá um, að búið sje svo um loptsmugur m. m., að nægilegur loptstraumur geti verið undir þiljum, þótt hlerar og gluggar sjeu hafðir aptur. Um skoðunargjörð þessa ber yður að semja skýrslu samkvæmt hjálagðri fyrirmynd **a**.

2. Áður en þjer veitið leyfi það, sem getur um í 7. gr. laganna, til að taka útfara á skip, ber yður að sjá um, að útflutningastjóri hafi sent yður skrá yfir alla þá farþega, er ætlazt er til að fluttir verði frá höfn þeirri, er skipið er komið á; skal skrá þessi sam-in samkvæmt hjálagðri fyrirmynd **b**, og henni fylgja yfirlit yfir alla útfarana, eins og er á fyrirmyndinni. Þar að auki er sjálfsgagt, að útflutningastjóri á að vera búinn að senda yður samrit þau af samningunum, er getur um í 13. gr. laganna, og að þeir verða að hafa verið svo úr gærði gjörðir, að þjer hafið ekki haft neitt að athuga við lögmæti þeirra.

Rjett áður en skipið á að leggja á stað, ber yður að fara um bord í það, kalla fyrir yður alla farþega og rannsaka útfaraskrána, og skuluð þjer þá um leið rannsaka, hvort farþegar hafi fengið samninga þá, er þjer hafið samrit af, og, ef útflutningastjóri á að sjá þeim fyrir fæði, að nægilegar vistir sjeu á skipinu. Skyldi nokkur farþegi þá finna á-stöðu til að bera sig upp við yður um viðskipti sín við útflutningastjóra eða skipstjóra, ber yður að rannsaka þegar í stað slíkar kvartanir, og veita útfaranum aðstoð yðar eptir atvikum. Loksins skal tekið fram, að ef enginn af skipstjórnarmönnum kann íslenzku,